

Orku- og tækniskóli Keilis



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

Staður: Keilir, Grænásbraut 910, 235 Reykjanesbær

Dagsetning: Námskeiðin verða í boði á tímabilinu febrúar til maí 2011.

Stund: Flest námskeiðin eru kennd á virkum dögum kl. 9:00 – 12:00.

Nánari upplýsingar, ásamt dagsetningu og verði er að finna á heimasíðu keilis: www.keilir.net/simenntun

Framboð á námskeiðum er háð nægri þátttöku

Dagsetning	Fyrirlestur/viðburður	Leiðbeinandi
14. mars - 8. apríl	Stafræn upptaka og myndvinnsla (60 kennslustundir) Farið verður yfir notkun stafrænna myndavéla, myndvinnslu og stafrænar upptökur (video). Hentar vel þeim einstaklingum sem hafa sköpunargleði, vilja læra að nota vél- og hugbúnað, ásamt því að læra hvernig hægt er að vinna myndefni og koma á framfæri. Þetta geta bæði verið áhugafólk og þeir sem eru lengra komnir í myndatöku.	Ruben Mencos, verkefnastjóri hjá Keili <i>Námskeiðið verður kennt á ensku</i>
14. - 18. mars	Stafrænar myndavélar (20 kennslustundir) Grunnkennsla í notkun stafrænna myndavéla, úrvinnslu og meðhöndlun ljósmynda. Notkun og nýting forrita við úrvinnslu ljósmynda. Notast verður við Adobe Photoshop við kennslu.	Ruben Mencos, verkefnastjóri hjá Keili <i>Námskeiðið verður kennt á ensku</i>
21. - 25. mars	Photoshop - Myndvinnsla (20 kennslustundir) Students learn and understand basic functions in Photoshop as well as intermediate skill sets for a strong foundation in digital photo processing and alteration. Upon completing this course, students should: have a firm understanding of the tools in Photoshop and their uses; understand how to work with layers; understand channel mixing; be able to fix improperly exposed images; and alter images to meet their needs.	Ruben Mencos, verkefnastjóri hjá Keili <i>Námskeiðið verður kennt á ensku</i>
28. mars - 8. apríl	Stafrænar upptökur og úrvinnsla (20 kennslustundir) Grunnkennsla í notkun stafrænna upptökuvéla, úrvinnslu og klippingu myndefnis og hljóðsetningu. Þátttakandinn lærir að koma efninu frá sér á helstu samfélagsmiðla, svo sem YouTube, flickr, Facebook og almennar vefsíður. Námskeiðið er einkar hagnýtt bæði fyrir þá sem vilja markaðssetja hugmyndir sínar á vefnum, en einnig fyrir þá sem vilja læra vinnslu stafrænna myndskaiða. Unnið verður lokaverkefni undir leiðsögn.	Ruben Mencos, verkefnastjóri hjá Keili <i>Námskeiðið verður kennt á ensku</i>
28. febrúar - 4. mars	Þrívíddarteikning og hönnun (20 kennslustundir) Á námskeiðinu verður kennt að nota þrívíddarteikniforrit við hönnun og teikningu á "vatnsheldum" þrívíddar líkönum. Námskeiðið nýtist þeim sem hafa áhuga á þrívíddarvinnslu og þeim sem þurfa að geta komið hugmyndum sínum af skissuformi í þrívítt form og í framleiðslu á tölvustýrðum framleiðsluvélum.	Óðinn Bolli Björgvinsson, vöruhönnuður og leiðbeinandi hjá Keili
7. - 11. mars	Tvívíðar hreyfimyndir (20 kennslustundir) Kennt verður á Flash forrit við gerð tvívíðra hreyfimynda, s.s. vefborða, auglýsinga og stuttra teiknimynda. Unnið verður lokaverkefni undir leiðsögn.	Óðinn Bolli Björgvinsson, vöruhönnuður og leiðbeinandi hjá Keili
Verður kennt í apríl	Fjármálalæsi (15 kennslustundir) Fjármálalæsi er getan til að lesa, greina, stjórna og fjalla um fjárhagslega þætti sem hafa áhrif á efnahagslega velferð einstaklinga. Það felur í sér getuna til að greina valkosti í fjármálum, fjalla um peninga án vandkvæða, gera áætlanir til framtíðar og bregðast skynsamlega við breyttum forsendum ákvarðana í fjármálum, þar með talið í efnahagsumhverfinu.	Haukur Skúlason, hagfræðingur (M.Sc.) hjá LS Finance
Verður kennt í apríl	Skipulagning og áætlanagerð (15 kennslustundir) Hagnýt tól og skipulagning sem tekur meðal annars á töflureiknum og aðferðum til að auka gegnsæi útgjalda og áætlanagerð sem snertir fjármál heimila og lítilla fyrirtækja og einyrkja.	Haukur Skúlason, hagfræðingur (M.Sc.) hjá LS Finance
Verður kennt í maí	Löglæsi (15 kennslustundir) Í þessu námskeiði er farið í helstu lagalegu atriði tengd stofnun og rekstri fyrirtækja og skattalegt umhverfi þeirra, auk þess sem kennt er hvernig fyrirtækjastjórnendur geta leitað sér upplýsinga og nýtt sér þjónustu lögfræðinga til að ná árangri.	Svanfríður Dóra Karlsdóttir, lögfræðingur
Verður kennt í apríl/maí	Vörubrún (60 kennslustundir) Undir leiðsögn farið í gegnum þróunarferli vöru, hvort heldur sem er vara eða hugbúnaður. Þátttakendum er einnig kynnt saga vöruhönnunar og kynnt helstu hugtök tengd hönnun. Farið verður yfir stafræna framleiðslutækni, helstu framleiðsluaðferðir, kosti þeirra og galla. Farið verður í eiginleika efna og efnisval.	Óðinn Bolli Björgvinsson, vöruhönnuður og leiðbeinandi hjá Keili
28. mars - 15. apríl	Verkstæðisþjálfun: Tæki og efnisvinnsla (60 kennslustundir) Þátttakendur fá yfirlit yfir búnað og grunnleiðsögn í notkun tækja, t.d. rennibekkja, fræsivéla, suðu, lóðningar og handverkfæra, ásamt notkun tækja í efnisvinnslu, eins og plastvinnslu, plexigler, málm, o.s.frv. Farið yfir eiginleika helstu mælitækja og almennt viðhald tækja og lagfæringar. Áhersla verður lögð á endurvinnslu og nýtingu efnis.	Óðinn Bolli Björgvinsson, vöruhönnuður og leiðbeinandi hjá Keili

Dagskráin er birt með fyrirvara um breytingar

Dagsetning	Fyrirlestur/viðburður	Leiðbeinandi
11. - 15. apríl	Smiðjur á Reykjanesinu (20 kennslustundir) Kortlagning og heimsóknir í smiðjur, efnisvinnslu og sérhæfð verkstæði á Reykjanesi. Námskeiðið er ætlað þátttakendum sem hafa áhuga á því að nýta efni, búnað og þjónustu smiðja í nærumhverfi.	Óðinn Bolli Björgvinsson, vöruhönnuður og leiðbeinandi hjá Keili
26. apríl - 6. maí	Presentation English (20 kennslustundir) Students learn effective communications skills in English with the intended purpose of presenting themselves, their Ideas, and/or their products. The course centers around Power Point presentations and basic written documents. Upon completing this course students should be able to: communicate effectively using Power Point; avoid common mistakes made during presentations; exhibit more confidence during presentations; apply the correct grammar and punctuation between British English and American English.	Ruben Mencos, verkefnastjóri hjá Keili <i>Námskeiðið verður kennt á ensku</i>
Námskeiðið tekur sex vikur og hefst 4. apríl	Tölvustýrður vélbúnaður: Arduino rafstýringar (60 kennslustundir) Á þessu námskeiði læra þátttakendur að nota stýringar til að stjórna rafknúnum tækjum. Þátttakendur smíða búnað og læra að skrifa forrit sem lætur stýringuna stjórna búnaðinum, þátttakendur læra einnig að afla sér upplýsinga sjálfir í gegn um internetið og læra þannig að byggja á vinnu annarra. Við smíðina fá þátttakendur einnig aðstoð við smíði og útfærslur á almennum rafeindarásum.	Róbert Andri Kristjánsson, kennari hjá Keili
7. og 14. apríl	Óhefðbundin markaðssetning (15 kennslustundir) Frumkvöðlar hafa sjaldan úr miklum fjármunum að spila til að koma sér á framfæri. Á þessu námskeiði er farið almennt yfir helstu hætti hefðbundinnar og óhefðbundinnar markaðssetningar. Farið er yfir þá miðla sem standa frumkvöðlum til boða, svo sem skæruliðamarkaðsaðgerðir, notkun samfélagsmiðla, almannatengsla o.fl.	Póranna K. Jónsdóttir, forstöðumaður Frumkvöðlasetursins á Ásbrú.
Dagskráin er birt með fyrirvara um breytingar		